

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

784. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 18. mars 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Lagning hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri.
2. Bréf formanns Ungmennaráðs Húnaþings vestra.
3. Bréf Friðriks Hjörleifssonar.
4. Bréf LL3 – Lögmanna Laugavegi 3.

Afgreiðslur:

1. Farið yfir atriði minnisblaðs er snerta mögulega lagningu hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri. Byggðarráð samþykkir að framlagt minnisblað sé grundvöllur að kynningu á lagningu hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri.
2. Fram lagt bréf formanns Ungmennaráðs Húnaþings vestra þar sem óskað er staðfestingar á samþykkt ráðsins um að kr. 150.000- af verði veitt til að standa straum af hluta kostnaðar við námskeið Jóhanns Inga Gunnarssonar, sálfræðings sem haldið verður í samvinnu við Stýrihóp um forvarnir í Húnaþingi vestra þann 3. apríl nk. Byggðarráð staðfestir samþykkt ungmennaráðs.
3. Fram lagt bréf Friðriks Hjörleifssonar þar sem óskað er upplýsinga um launa- og skipulagsmál hjá Húnaþingi vestra. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu.
4. Fram lagt bréf LL3 – Lögmanna Laugavegi 3 þar sem óskað er rökstuðnings á uppsögn Guðmundar R. Erlendssonar og þeirri ákvörðun að leggja starf hans niður. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:03

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar Smári Helgason.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.